

Vegagerðin
Helga Aðalgeirsdóttir
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

2010030022
4502; 4604; 9310

Reykjavík, 23. mars 2011
/--

Efni: Vestfjarðarvegur milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði - ákvörðun um tillögu að matsáætlun

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun um endurbætur á Vestfjarðarvegi milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði, Reykhólahreppi og Vesturbyggð.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Vegagerðarinnar dags. 14. febrúar 2011 tillaga stofnunarinnar að matsáætlun:

Vestfjarðarvegur (60) milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði. Vegagerðin febrúar 2011.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Reykhólahreppi, Vesturbyggð, Breiðafjarðarnefnd, Fiskistofu, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnuninni, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skógrækt ríkisins og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Reykhólahreppi með tölvupósti dags. 8. mars 2011, Vesturbyggð með bréfi dags. 8. mars 2011, Breiðafjarðarnefnd með bréfi dags. 10. mars 2011, Fiskistofu með bréfi dags. 24. febrúar 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 2. mars 2011, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 7. mars 2011, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 3. mars 2011, Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 15. mars 2011, Skógrækt ríkisins með bréfi dags. 4. mars 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. mars 2011. Athugasemd bars frá Elvu Björg Einarsdóttur með bréfi dags. 24. febrúar 2011. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari

upplýsingar frá Vegagerðinni í kjölfar umsagna og athugasemda með bréfum dags. 4., 10. 18. og 21. mars 2011.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum:

Framkvæmd og kostir

Í kafla 1.6 kemur fram að fjallað verði um þá kosti að þvera Mjóafjörð annars vegar í mynni fjarðarins (veglína A) og hins vegar í botni hans (veglína B). Fullyrt er að miðað við gildandi Samgönguáætlun sé veglína A æskilegri kosturinn, bæði út frá markmiði og kröfum áætlunarinnar. Ekki kemur fram hvernig þverun í mynni fjarðarins samræmist markmiði og kröfum Samgönguáætlunar betur en ef þverunin verður innar í firðinum. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim markmiðum gildandi Samgönguáætlunar og kröfum hennar, sem gera það að verkum að veglína B telst lakari kostur.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er m.a. bent á að miðað við forsendur hönnunar vegarins sé erfitt að koma mannvirkinu fyrir þar sem landrými er lítið, eins og um Litlanes. Bent er á að þar sem landfræðilegar aðstæður eru sérstaklega erfiðar til vegagerðar hér á landi, séu dæmi þess að fallið hafi verið frá ítrustu kröfum um umferðarhraða, sem hönnun vegar geri annars ráð fyrir. Í umsögninni eru þó ekki nefnd dæmi þar sem þetta á við. Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að vegurinn komist vel fyrir á þessum stað, en verulegt rask muni hljóta af framkvæmdunum þar. Landfræðilegar aðstæður séu ekki sérstaklega erfiðar til vegagerðar þar sem vegurinn liggur um Litlanes og Eiði. Reynt sé að halda hönnunarhraða vegarins hærra en leyfðum ökuhraða (90 km/klst) „*innan rýmilegra marka með hliðsjón af raski eða landslagsbreytingum svo og kostnaði* ". Skipulagsstofnun telur ekki ljóst hvað hér er átt við og að þetta þurfi að útfæra og útskýra í frummatsskýrslu.

Skipulagsstofnun bendir á að til að mæta athugasemdum um að hlífa eigi mannvistarleifum á Litlanesi, sem munu raskast ef vegurinn verður lagður í veglínu B, virðast forsendur hönnunar vegarins leiða til þess að leggja þurfi veginn um fjöru Litlaness (veglínu A). Í ljósi þess að lög um verndun Breiðafjarðar taka sérstaklega til m.a. fjöru, vill Skipulagsstofnun taka undir með Umhverfisstofnun að kanna eigi möguleika sem minnki umfang vegarins um Litlanes og Eiði, sem geri t.d. ekki ítrustu kröfur um umferðarhraða. Telur Skipulagsstofnun að í frummatsskýrslu eigi Vegagerðin að fjalla um kost, sem miði að því að raska ekki fjörum og mannvistarleifum.

Samgöngur og umferð

Í kafla 1.9.1 kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um umferðarspá til ársins 2030 og arðsemi framkvæmdarinnar metin. Vísað er í að árið 2008 hafi árdagsumferð verið 67 bílar og miðað við það geti árdagsumferð verið orðin rúmlega 200 bílar árið 2026. Skipulagsstofnun telur ekki raunhæft að miða umferðarspá við eitt árgildi, eins og ætla má af tillögu að

matsáætlun, og að eðlilegra sé að slík spá grundvallist á þróun umferðar á nokkurra ára tímabili (t.d. 5-10 ár). Stofnunin telur því að umfjöllun um umferðarspá í frummatsskýrslu eigi að byggja á umfangsmeiri gögnum um umferðarþróun en Vegagerðin gerir ráð fyrir í tillögu að matsáætlun.

Leyfi

Í kafla 2.4 er vísað til skipulags- og byggingarlaga í sambandi við framkvæmdaleyfi til vegagerðar og efnistöku. Skipulagsstofnun bendir á að slík leyfi eru nú veitt samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

Gróðurfar

Í kafla 4.1.5 er m.a. fjallað um hvernig draga eigi úr áhrifum vegagerðarinnar á gróður. Fram kemur að í frummatsskýrslu eigi að fjalla um hvernig forðast eigi eyðingu skóga vegna framkvæmdanna. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Skógræktar ríkisins og telur að í frummatsskýrslu eigi að gera grein fyrir mögulegum kostum við að rækta upp þann birkiskóg sem ryðja þarf vegna framkvæmdanna. Jafnframt að rökstuddur verði sá kostur sem Vegagerðin velur, með hiðsjón af öðrum aðferðum til ræktunar á birkiskógi.

Vatnsskipti, sjávarföll og lífríki sjávar

Í kafla 4.1.9 kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á vatnsskipti um brúarop og sjávarföll þar sem ætlunin er að þvera firði. Hafrannsóknastofnunin leggur áherslu á að í frummatsskýrslu verði ítarlega fjallað um vatnsskipti í fjörðum sem þvera á og lífríki leira, einkum hvað varðar fugla og flatfiska og Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi um áhrif þverana á setflutning og setmyndun í fjörðum. Skipulagsstofnun tekur undir þetta og telur jafnframt mikilvægt að í frummatsskýrslu gefi Vegagerðin yfirlit um niðurstöður vöktunar á vatnsskiptum, setflutningum og lífríki sjávar í kjölfar þverana fjarða annars staðar á landinu og lýsi reynslu af þeim framkvæmdum.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna

Afrit: Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Breiðafjarðarnefnd, Fiskistofa, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skógrækt ríkisins og Umhverfisstofnun